

Rokkurinn – september 2019

Ferðasaga ferkantaðrar konu



Föstudagurinn 03.mái rann upp bjartur og dásamlega fagur.

Ég hóf daginn á því að skella mér í ræktina kl. 6 og var svo extra lengi að hundskast heim og í sturtu. Áttaði mig svo á því að ég átti eftir að pakka en því var nú reddað á metíma sem síðar meir kom í ljós að var þema samferðamanna í ferðinni 😊

Ég kom því til vinnu hress og kát að vanda, með ferðatösku undir annarri og smá alkohól í poka!

Ég hafði upphaflega ætlað að bíl en í ljósi þess að ég var ný komin heim úr fimm daga ferðalagi á bílnum og aðrir fjölskyldumeðlimir þurftu á bílnum að halda vegna verkefna þá betlaði ég fyrr í vikunni af Valdísi ferðafélaga hvort hún gæti reddað því, það var minnst málið og orðaði hún það þannig að „*ef ekki ég... þá getur Rakel það pottþétt*“

Dagurinn rúllaði ljúflega áfram og spenningur fyrir komandi ferð truflaði vinnu örlítið en ég barðist á móti því!

Valdís lét okkur svo vita af veikindum sínum og Rakel þurfti að afboða sig. Við Vilborg vorum því bara tvær eftir að fara að rúlla austur. Lísbet, þessi elska, bauð okkur far þar sem við vorum bara tvær. Við þáðum það nú með þökkum!

Rúmlega klukkutíma fyrir brottför spyr Vilborg Lísbet hvort þau ætli líka að taka það svona rólega á heimleiðinni og fara í lónið eins og hinar ætluðu að gera. Lísbet svaraði þá um hæl „*ó já... eins gott að þú spurðir að þessu. Við förum heim á sunnudag*“ Svo minnstu mátti muna að við Vilborg hefðu fengið far bara aðra leið og fannst mér það sjúklega fyndið!

Upphefjast umræður okkar Vilborgar um bílinn.

„hvernig bíll er þetta“

„treystir þú honum illa austur?“

Þú hún hafði sagt eitthvað á þá leið í umræðu á facebook að hann hann hlyti að geta ferjað okkur báðar leiðir. Hafa ber í huga að á þessum tímapunkti þekkjumst við Vilborg bara nákvæmlega ekki neitt, báðar nýjar í klúbbum og þekktumst ekkert áður.

Ég bíð fram minn bíl og var búin að undirbúa fjölskyldu meðlimi að ég þyrfti

mögulega að taka hann en Vilborg var ákveðin og sagði að mamma sín myndi nú ekki hika við að fara á honum og segir svo þessa fleygu setningu „og ef við lendum í einhverju er það bara ævintýri“ Ég verð að segja að þessi setning settist nú ekki vel í bílhræddu mig.

Jæja klukkan var orðin 3 og engin tími til stefnu og vinnan enn að þvælast fyrir mér.

Vilborg bíður svo hress og kát í bílnum eftir mér á meðan ég klára að vinna.

Ég sest í bílinn og hún splæsir í láns sólgleraugu fyrir mig – þar sem ég gleymdi mínum 😊

Sælu tilfinningin að vera komin í helgarfrí og byrja það á svona fjöri.

Bílinn var reyndar eitthvað leiðinlegur í gang en dettur svo í gang og við keyrum af stað af planinu við Íslandsbanka

Við rúllum svo að fyrstu gatnamótunum og þar drepur hann á sér....

Störum honum aftur með smá herkjum og keyrum áleiðis eftir

Drottningabrautinni þar sem hann drepur aftur á sér...

Ég reyni eftir bestu getu áfram að sannfæra hana um að við getum alveg snúið við og sótt bílinn minn – ég sé búin að undirbúa fólk undir að ég þurfi að taka hann....

„*Þetta er allt í góðu*“ hélt Vilborg áfram að sannfæra mig um...

Ég hefði eiginlega viljað sá svipinn á sjálfri mér.

Ég var mjög spennt að fara en orðin mjög hrædd og farin að sjá fyrir mér að verða stopp á miðri leið og komst aldrei heim 😊

Við rúlluðum í gegnum göngin og ræddum um tilgang gagnana og kostnaðinn.. Áfram hélt bílinn mjög svo ósannfærandi ferð sinni áfram og drap áfram reglulega á sér en þó sér í lagi þegar verið var að gíra niður.

Þegar nálgast Fosshól var ég farin að vera enn panikkaðri yfir þessu og gerði enn aðra tilraun til þess að leggja til að snúa bara við og sækja bílinn minn – en Vilborg var kokhraust að vanda og sagði að „*þetta væru sko allt í lagi*.“ Ég spurði hvort hún væri vön að keyra beinskiptan og hélt kannski að hún væri bara að eitthvað að klúðra skiptingum – á annars tæpum bíl.

Við ákváðum því í sameiningu að ég myndi prófa að keyra - ég væri nú vön því að keyra beinskiptan og margra ára reynslu að keyra svona undirmeðallagi góða bíla.

Bíllinn að sjálfsögðu drap á sér þegar við vorum að keyra inn á planið hjá Fosshóli og já aftur þegar við vorum að leggja í hann upp brekkuna.

Á Mývatni er ég enn að hugsa um hvernig ég eigi að sannfæra hana um að við myndum SNÚA við og sækja bílinn minn. Ég var komin upp á lagið með að strarta bílnum á ferð og það létti jú aðeins pressuna en í eitt sinn fór svitinn á renna....

Bílinn stoppað beint fyrir neðan blindhæð á beinni línu – og það voru bílar að koma á móti (samt svolítið frá) Ég fann svitadropann renna niður bakið á meðan ég hamaðist við að starta bílnum. Það þurfti nefnilega að halda honum lengi í starti og hamast á bensíngjöfinni í leiðinni og hafa hann í gír! Þessi bíll hafði sko allskonar kröfur!

En áfram rúlluðum við þennan beina og breiða veg til Egilsstaða og þrátt fyrir allar hrakspár mínar þá komumst við á leiðarenda og ég var ekki lengi að fá mér bjór! Fegin að vera á lífi og hafa komist á leiðarenda!

Mæltum okkur mót við Lísbet að borða og það fyrsta sem hún spurði var „ hvernig gekk“ þá kom mjög löng vandræðaleg þögn.. Gáfum henni svo stuttu útgáfuna af sögunni 😊 Hlógum aðeins.

Rúlluðum svo á tehuísið og fórum að gera okkur klárar, enda bara 20 mín í að rútan átti að leggja í hann í partýið. Það var ekki alveg minn stíll að gera mig klára á 20 mín svo við tók vel stressaðar 20 mín sem var svo reyndar bara óþarfi því þessi fundur hjá þeim duglegu LC dömum sem hann sátu dróst aðeins og svolítið meira en það.

Það voru frekar bugaðar konur sem komu í hús hálf 10 og áttu þá græja sig en það var nú ekki lengi gert.

Með hjálp google maps var svo brunað út í sveit á eitt hressilegt sveita tjútt með mjög myndu sólstrandar yfirbragði og DJ/ Trúbador sem hefur sennilega ekki hlustað sjálfur á tónlist frá aldamótum.

Topp kvöld og nótt þar sem við vorum í svona heimavistar fíling. Heiða svaf í efri og datt bara einu sinni niður – sem verður að teljast ansi gott.

Vöknuðum svo mis hressar á laugardaginn og klárar í fund dagsins 😊

Það er mjög gaman að mæta svona blaut á bak við eyrum á svona fund. Ég gerði t.d. mitt besta til þess að fá að kjósa en það gekk því miður ekki nógu vel og fékk svo vinsamlega ábendingu um að ég mætti ekkert kjósa í neinu.

Fundurinn gekk mjög vel og var langt á undan áætlun, frábært matur og frábært happadrætti.

Ég splæsti í 5 miða og vann 2 vinninga! Ég vann 2x 2 ísskúlur frá Valdísi í Reykjavík og svo þetta eðal buff og lyklakippu. Ég vill bara taka það fram að buffið er og verður í einkaeigu. En það er ekkert mál að leigja það fyrir hóflegt verð.

Farið var í helstu verslanir bæjarins og svo var komið bílnum hennar Vilborgar í gang því ekki fór hann í gang um morguninn þegar átti að rúlla á honum á fundinn.

Það tókst og rúlluðum við þínu þreyttar úr bænum.

Fjóla vildi taka þátt í ævintýrinu og koma því með okkur á heimleiðinni.

Bíllinn var komin á olúljósið þegar við renndum inn á Laugar og stoppuðum í Dalakofanum þar sem flestar vildu næra sig fyrri heimkomuna.

Mikið var skarfað og stóru málin rædd! Allir voru að muna eftir hinu og þessu slúðri sem þeir höfðu heyrt og málin voru rædd og velt vöngum yfir ýmsum hlutum. Ég stóð upp manna fyrst og skellti mér að greiða fyrir matinn, stóð svo yfir hinum og minnti Vilborgu á að nú þyrftum við að taka olú á bílinn fyrir brottför.

Vilborg sýndi lítil viðbrögð enda enn að ræða eitthvað mikilvægt málefni. Skyndilega hvín í henni ÓLÖF! – þú verður að koma út að tala við mig! Ég fékk sjökk hvaða sögu hún hefði nú verið að rifja upp sem hún hefði nú heyrt af mér og arkaði örlítið spennt en smá stressuð, á eftir henni fram.

Þegar fram var komið þá þá horfir Villa á mig með smá skelfingar svip!
„Áður en ég lagði af stað – þá tók ég **BENSÍN** á bílinn! Ég er 90 % viss! „
Ég var nú ekki að trúá henni og sagði að þá væri nú bílinn pottþétt þegar dauður!

Eitt símtal til pabba leiddi það í ljós að sumir bílar þola það ansi vel að fá bensín – blandað við Olúna og láta bara **SVOLÍTIÐ ILLA!**

Þarna var bara komin útskýringin á þessari svaðilför okkar Villu! Hún hafði bara ekkert tengt að bílinn léti eitthvað illa og ég vissi bara ekki betur en þessi bíll væri bara svona!

Bílnum var ýtt að dælunni og stútfyllur af olú! Þegar honum var startað malaði hann ljúflega..

Þegar við vorum að rúlla af stað gall skyndilega í Villu „hver á þessi sólgleraugu sem ég er með“

Hún hafði s.s. tekið sólgleraugu af borðinu og sett á sig alveg óvart því hennar voru í bílnum 😊

Við keyrðum samt aðeins áfram en sáum þá hvar Helga Jóns kom hlaupandi og

veifandi á eftir bílnum, ég skrúfaði niður rúðuna og þá kallið hún „á einhver eftir að borga“ Hver haldið af hafi kallað „ég!“ engin önnur en okkar eigins Vilborg!

Þarna hélt mér að mér yrði allri lokið!

Vilborg hljóp út úr bílnum og inn í Dalakofann og borgaði fyrir matinn sinn og skilaði sólgleraugunum til Helgu Eysteins 😊

Bílinn varð bara eins og nýr! Ég hafði orð á því að ég væri klár í að keyra hringinn á honum bara núna ef því væri að skipta.

Þegar við nálgumst göngin sagði ég að við skyldum nú bara fara skarðið enda gott veður og við ekkert stressaðar.

Þá tekur Villa andköf – **Göngin!!!!** Ég gleymdi að klára að borga í gögnin í gær!!

Ég verð bara að staðfesta það að ég hef aldrei hlegið jafn mikið á einum sólahring!!

Ég hló reyndar **ekki neitt** á leiðinni austur – en eftir að þangað var komið var þetta bara non stopp hlátur og gleði!

Takk fyrir mig Vilborg!

Þessi ferð mun aldrei gleymast :*